

G J A L D S K R Á

Rafveitu Miðneshrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Miðneshrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

A—1. Um kWst.-mæli á kr. 78.91 hverja kWst. Við þessu verði skal selja hvers konar notkun raforku, sem ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár.

A—2. Um kWst.-mæli á kr. 30.86 hverja kWst. auk fastagjalds, sem er kr. 343.75 á hvern fermetra í rúmi því er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 114 á ári af hverjum fermeter.

B. Raforka til almennrar heimilisnotkunar.

Um kWst.-mæli á kr. 19.73 hverja kWst.

C. Vélanotkun o. fl.

C—1. Um kWst.-mæli á kr. 44.51 hverja kWst. Hafi vélar mjög stuttan notkunartíma má krefjast minnsta árgjalds kr. 21 665.00.

C—2. Vélanotkun til bráðabirgða um kWst.-mæli á kr. 44.51 hverja kWst.

C—3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla er yfir 20 kW:

- a) Um kWst.-mæli á kr. 6.55 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 21 665.00. Notað afl telst vera meðalálag á árinu mælt yfir stundarfjórðung hvert kW.
- b) Ef ekki eru tök á að mæla notað afl, má selja þannig: Um kWst.-mæli á kr. 6.55 hverja kWst. auk fastagjalds kr. 20 500.00 hvert kW. í málaun uppsettra véla á árinu. Heimilt er að rjúfa straum allt að þrem stundum á dag samkv. gjaldskrárlið C—3 kl. 10.30—12.00 og kl. 17.30—19.00.

C—4. Um afl- og orkumæla:

- a) Af notuðu afli mælt í stundarfjórðung kr. 21 665.00 á kW á ári.
- b) Af allri notkun kr. 6.55 hverja kWst. Samkvæmt gjaldskrárlið þessum heimilast að selja raforku til vélareksturs, hitunar og ljósa, en reikna skal gólfflatargjald vegna ljósa kr. 343.75 á ferm. í vinnusölum, kaffistofum og öðrum slíkum, en kr. 114.00 á hvern ferm. í vörugeymslum, efnisgeymslum, frystiklefum og þess háttar. Þar sem erfitt er að greina á milli hverjum þessara flokka gólfflatargjald skal reikna eftir, skal greiða kr. 188.00 á hvern fermetra á ári.

D. Hitun.

D—1. Um kWst.-mæli á kr. 8.70 hverja kWst. án rofs.

D—2. Um kWst.-mæli með rofi í eina til þrjár klst. á dag kr. 5.00 hverja kWst.

D—3. Um afl- og orkumæla:

- a) á kr. 5.00 hverja kWst. auk fastagjalds af mestu aflnotkun á ári kr. 4 197.00 hvert kW.
 - b) Ef ekki eru tök á að mæla aflnotkun, skal greiða samkv. ástimplun hitatækja og fullt álag.
- D—4. Um kWst.-mæli á kr. 2.50 hverja kWst. með rofi frá kl. 08.00—23.00.

Skilyrði fyrir raforkusölu til húsa hitunar.

- a) Að aflvél, spennar, götustrengir og línur þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.

- c) Að notandi kostaði teikningu og uppsetningu á álagstýriofnum sem rafveitan leggur til og greiði þeim samkv. gjaldskrá.
- d) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sér rofum og hitastillar notaðir þegar þess er krafist.
- e) Að húsnæði fullnægi lágmarkskröfum um einangrun sem rafveitan kann að setja.
- f) Að lagðar séu niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis sem hita skal og tekið fram um stærð hitatækja sem sett verða upp.

E. Önnur raforkusala.

Raforku til suðu má selja til gísthúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 23.50 hverja kWst. enda sé notkunin mæld um sérmæli og suðu-tæki fasttengd.

Til nota við vinnulagnir við byggingar eða aðra mannvirkjagerð, meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 40.00.

Til bökunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 7.15 hverja kWst. ef straumur er rofinn frá kl. 8.30—22.00 eða um tvígjaldsmæli kr. 5.73 hver kWst. á tímanum frá kl. 22.00—8.30 og kr. 17.93 hver kWst. frá kl. 8.30—22.00.

Til gatna- og hafnarlýsinga á kr. 23.20 hverja kWst.

Öll rafmagnsnotkun sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A—1. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri þó að tilskildu samþykki rafveitustjórnar veita afslátt á gjaldskrárliðum C—E (báðir meðtaldir) á orku, sem notuð er á sumrin, sé um aukningu frá vetrarnotkun að ræða. Ennfremur að selja orku eftir sérstökum samningi sé það hagstætt vegna orkunýtingar rafveitunnar.

F. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum, sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amp.	kr. 120.00 pr. mán.
2. Af þrífasa mælum upp að 50 amp.	— 143.50 pr. mán.
3. Af þrífasa mælum 50 til 200 amp.	— 358.70 pr. mán.
4. Af þrífasa mælum yfir 200 amp.	— 538.00 pr. mán.
5. Af álagsstýringarliðum	— 538.00 pr. mán.

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækis.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Heimtaugagjöld miðast við aflþörf notanda sem gerir grein fyrir væntanlegri notkun sinni í umsókn um heimtaug og ákveður rafveitustjóri stærð og gerð heimtaugar í samræmi við það. Heimtaugagjöld ákveðast þannig:

	Málstraumur stofnvara amp.	Hámarks- afl kVa	Heimtaug- argjald kr.
1.	3 × 60	22	99 040.00
2.	3 × 100	38	143 780.00
3.	3 × 200	75 sp.	283 100.00
4.	3 × 350	132 sp.	471 525.00

Ofangreint gjald miðast við 15 metra langan jarðstreng eða 30 metra loftlínu heimtaug. Þar sem heimtaug þarf að vera lengri en að framan greinir, skal það sem fram yfir er, greiddast samkv. kostnaðarreikningi.

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa varkassann á innvegg skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn er dreginn í svo og staðsetningu varkassa svo aðgengilegt sé að komast að honum enda greiðir húseigandi kostnað af því.

Sé lögð bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu, skal greiða fyrir hana sem hér segir:

Fyrir 60 amp. einfasa	kr. 20 540.00
Fyrir 60 amp. þrífasa	— 25 900.00

Verði þörf á að skipta um heimtaug vegna aukinnar raforkuþarfar skal notandi greiða hina síðari samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimtaug verður ekki lögð meðan frost er í jörð, eða óveður há útvinnu.

Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða óeðlilegar eða erfiðar aðstæður skal greiða samkvæmt reikningi.

Ef fleiri en ein heimtaug er lögð að húsi skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaugar eftir kostnaðarreikningi.

Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu eða öllu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar spennistöðvarinnar svo og allan kostnað af spennistöðinni (búnaði).

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar komi, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 2 800.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað og ekki opnuð fyrr en notandinn hefur bætt úr því og greitt 2 800.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGA

Hækki innkaupsverð á raforku, kaupgjald eða verðlag er hreppsnefnd heimilt að fengnum tillögum rafveitunnar, að hækka rafmagnsreikninga um allt að 50% af hækkuninni. Breyting skv. þessari gr. er háð samþykki Iðnaðarráðuneytisins.

Innifalín í gjaldskrá eru 33% vegna söluskatts og verðjöfnunargjalds.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orku- lögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 16. ágúst 1978. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 470 29. desember 1977.

Iðnaðarráðuneytið, 10. ágúst 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.